

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/635**  
**komudagur 17.12.2003**



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík

sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068

postur@mrn.stjr.is

www.menntamalaraduneyti.is

Alþingi  
Félagsmálanefnd  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. desember 2003

Tilvísun: MMR03110189/43.410/UGM/--

Hjálagt sendist félagsmálanefnd Alþingis umsögn menntamálaráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs, 35. mál, þskj. 35.

F.h.r.

Guðmundur Árnason

Valur Árnason

## 130. löggjafarþing 2003-2004

Þskj. 35 - 35. mál.

### Umsögn

#### um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs

Menntamálaráðuneytinu hefur borist til umsagnar, frá félagsmálarnefnd Alþingis, tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs. Er þar lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks. Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um hvernig vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist. Til átaksins verði varið allt að 10 millj. kr. á árinu 2003 til að undirbúa framkvæmd þess og síðan allt að 180 millj. kr. árlega í fimm ár eða þar til ákvarðanir verða teknar um frekara framhald málsins. Tekna verði aflað með hækkun á hlutfalli áfengisgjalds sem rennur í Fornvarnasjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1998. Um ráðstöfun fjárins er nánar fjallað í tillögunni.

Menntamálaráðuneytið gaf umsögn um sambærilegar þingsályktunartillögur, annars vegar á 127. löggjafarþingi með bréfi, dags. 12. desember 2001 og hins vegar á 128. löggjafarþingi með bréfi, dags. 28. janúar 2003. Var á það benti að ríkisstjórnin hefði samþykkt 3. desember 1996 margvíslegar aðgerðir í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Stefna ríkisstjórnarinnar hefði falið í sér að efla forvarnir einkum þær sem beint væri að einstaklingum sem væru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks. Frá því að ríkisstjórnin samþykkti umrædda stefnu í forvarnamálum hefði verið unnið ötullega að framkvæmd stefnunnar á vegum margra ráðuneyta og stofnana í samstarfi við fjölmarga aðila þ.á.m. sveitarfélög og félagasamtök. Í svarinu sagði jafnframt að í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar hefði menntamálaráðuneytið m.a. skipulagt og unnið markvisst að forvarna- og fræðslustarfi í skólum landsins og stuðlað að styrkingu vímuvarna í skólum með ýmsum hætti. Lögð hefði verið áhersla á að auka þekkingu starfsfólks skóla á vímuefnumálum og styrkja skóla við gerð vímuvarnaáætlana. Ráðuneytið hefði staðið að námskeiðum og stuðlað að rannsóknnum sem nýst hefðu við forvarnastarf. Þá hefði menntamálaráðuneytið stutt Jafningjafraeðslu framhaldsskólanema.

Í september árið 2002 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi. Nefndin skilaði viðamikilli skýrslu í maí 2003 og fylgir hún umsögn þessari. Nefndin hitti að máli fulltrúa fjölda félaga og félagasamtaka, fulltrúa sveitarfélaga, fulltrúa atvinnulífsins og ungmenni sem taka þátt í ýmskonar starfsemi sem þeim stendur til boða. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir stöðu málaflokksins. Í skýrslunni eru einnig margar athyglisverðar tillögur sem eru nú til meðferðar í ráðuneytinu. Óhætt er að segja að þetta sé ein víðamesta skýrsla og tillögur sem gerðar hafa verið um viðkomandi málaflokk. Skýrslan hefur verið kynnt víða og um hana fjallað bæði hjá félögum og samtökum sem og þeim sem áhuga hafa á viðkomandi málaflokki.

Eins og fram kom í framangreindum umsögnum ítrekar menntamálaráðuneytið mikilvægi þess að heildarsýn náist yfir allt það starf sem unnið er að á þessum vettvangi, en um leið að óraunhæft sé að ákveða fjármagn til framkvæmda án þess að gerð sé ítarleg verk- og kostnaðaráætlun.